

Kennsluverðlaun Félags læknanema 2012

Sindri Aron Viktorsson

formaður Félags læknanema

sav2@hi.is

Kennsluverðlaun Félags læknanema hafa verið veitt síðan 1995. Þau eru viðurkenning til kennara eða námskeiða sem þykja skara fram úr í menntun læknanema við Háskóla Íslands hverju sinni og eiga að vera öðrum kennurum hvatning. Undanfarið ár hafa farið fram kosningar hjá hverjum árgangi þar sem nemendur tilnefna kennara eða kúrs sem þeim finnst eiga verðlaunin skil-ið. Stjórn félagsins fer yfir tilnefningarnar og velur verðlaunahafann það árið. Valið stýrist af kennsluhæfni, þróun nýjunga í kennsluháttum og vel heppnaðri endurskipulagningu námskeiða.

Í ár hlaut Magnús Karl Magnússon, prófessor í lyfja- og eiturefnafræði, kennsluverðlaunin fyrir að hafa endurskipulagt námskeið í lyfjafræði á þriðja ári með góðum árangri og fyrir einstaka kennslugleði og jákvætt viðmót gagnvart læknanemum. Veitti hann verðlauninum viðtöku á árshátíð Félags læknanema á Hótel Sögu þann 17. mars síðastliðinn. Þessi hefð er orðin órjúfanlegur hluti í starfi félagsins á hverju ári og er það mat læknanema að verðlaunin hafi átt þátt í að kennsla í læknadeild hefur styrkst og gæði hennar aukist á undanförmum árum. Orator, félag laganema við Háskóla Íslands, veitti í fyrsta sinn verðlaun að fyrirmynd kennsluverðlauna Félags læknanema í ár. Læknanemar fagna því að fleiri



Sindri Aron Viktorsson, formaður félags læknanema, veitir Magnúsi Karli Magnússyni, prófessor í lyfja- og eiturefnafræði, kennsluverðlaun FL 2012. Ljósmynd: Jón Guðmundsson.

félög nemenda við Háskóla Íslands taki upp slík verðlaun. Að okkar mati skiptir ekki síður máli að verðlauna þá sem skara

fram úr, en að benda á það sem betur má fara þegar unnið er að þróun menntunar á háskólastigi.

Verðlaunahafar síðustu 10 ár

- 2002: Engilbert Sigurðsson – geðlæknisfræði
- 2003: Þóra Steingrimsdóttir – kvensjúkdómafræði & Haukur Hjaltason – taugalæknisfræði
- 2004: Jóhannes Björnsson og samkennarar – meinafræði
- 2005: Ásgeir Haraldsson – barnalæknisfræði
- 2006: Halldór Jónsson Jr – bæklunarlækningar
- 2007: Finnbogi Jakobsson – taugalæknisfræði
- 2008: Eiríkur Steingrímsson og samkennarar – lífefnafræði
- 2009: Gísli H. Sigurðsson og samkennarar – svæfingalæknisfræði
- 2010: Karl Andersen – lyflæknisfræði
- 2011: Tómas Guðbjartsson – skurðlæknisfræði